




VORFERÐALAG 9. BEKKJAR GARÐASKÓLA

ÞRIÐJUDAGINN 3. JÚNÍ 2008



Ágætu nemendur og forráðamenn!

Þriðjudaginn 3. júní næstkomandi verður farið í vorferð 9. bekkjar sem er útivistar- og skemmtiferð um Reykjanes.

Ferðatilhögun

Mæting við Garðaskóla er kl. 8.45 og lagt verður af stað kl. 9.00. Áætluð heimkoma er á bilinu kl. 15.00-16.00.


Haldið verður að *flekamótum Evrasíufleka* og *N-Ameríkuflekans* og farið síðan að *Reykjanesvíta* og *hann skoðaður*. Í kringum hádegi verður stoppað á Garðsskaga þar sem nesti verður borðað. *Byggðasafn Garðskaga* verður skoðað og einnig verður farið upp í *Garðskagavíta*. Í lok ferðar verður farið í *Bláa lónið* en þeir sem ekki kjósa að fara í sund geta notið útivistar og eða farið í skoðunarferð um *Eldborg – Hitaveitu Suðurnesja* í Svartsengi.

Nemendur þurfa að hafa með sér gott nesti en verslun í sjoppum verður ekki leyfð í ferðinni..

Aðgangseyrir að Bláa lóninu er kr. 650 sem er skólatilboð. Æskilegt er að mæta með nákvæma upphæð til að flýta fyrir afgreiðslu en fararstjórar taka á móti greiðslu áður en lagt er af stað.

Nauðsynlegur útbúnaður

- Hollt og gott nesti
- Fatnaður eftir veðri
- Góðir skór
- Sundföt og handklæði
- Lífsgleði, jákvæðni og góða skapið



Skólareglur og þátttaka

Í ferðum á vegum skólans gilda allar almennar skólareglur. Almennar umgengnisreglur gilda einnig í rútunum á leiðinni. Nemendur Garðaskóla hafa nánast undantekningarlaust staðið sig með þryði í skólaferðalögum og verið sjálfum sér og skólanum til sóma. Er þess vænst að svo verði einnig í þessari ferð.

Komist nemandi af einhverjum ástæðum ekki í ferðina þarf að láta umsjónarkennara eða skrifstofu Garðaskóla vita. Er það vegna fjölda í rútur og til að skráning ástundunar haldist rétt.

Sumarkveðjur
Umsjónarkennari og deildarstjóri 9. bekkjar